

Texiscreen Aqua AJ vefnaðarlitur.

Texiscreen AJ er umhverfisvænn prentlitur til beinnar alhliða prentunar á fatnað úr bómull, nælon og öðrum gerfiefnum. Grunn innihald er vatn. Texiscreen AJ er tilbúinn til notkunar og er mjög heppilegur litur fyrir byrjendur í silkiprentun, þar sem hægt er að þurrka hann við lágan hita. Texiscreen AJ er nánast lyktarlaus, þekjandi og hefur mjög gott viðnám fyrir núningi, sé hann rétt unninn.

Þéttleiki prentnets fyrir alla venjulega liti ætti að vera 43-62 þ.sm., fyrir þekjandi hvítt 34-43 þ.sm. og fyrir málmliði gull og silfur 21-34 þ.sm. Best er að þurrka litinn í þurrkofni, hitastig 150-170°C í 2-4 mínútur. Liturinn hefur þá frábæra og mikla festu. Vegna vatnsinnihalds Texiscreen AJ er best að nota þurrkofn með góðum blæstri. Liturinn þolir allan þvott, þurrhreinsun og vera straujaður, sé hann þurrkaður við bestu skilyrði. Ef um viðkvæman fatnað er að ræða skal bæta í litinn FT386 hvata. Þá má lækka hitastig í þurrkun í 130-140°C og stytta þurrktíma í 2-3 mín. Þá hefur fatnaðurinn þvottþol 40-60°C. Einnig má þurrka litinn við herbergishita. Er þá best að bæta í hann AJ333 catalyst (hvata). Þvottþol er þá 40°C.

Litaúrval Texiscreen AJ er 28 tilbúnir litir til notkunar eða blöndunar eftir Pantone litakerfi, ásamt flúresent litum. Helstu íblöndunarefni eru FT386, notkun 5% sem gerir þurrkun mögulega við lægra hitastig, AJ333, notkun 5%, sem bætir þurrkun í herbergishita, EX381 þanefni (puff), ZE592 Retarder, sem hægir á þurrkun og ZE596 þykkingrefni. Þynna má Texiscreen Aqua AJ með soðnu vatni, allt að 5%.

Alltaf skal hræra prentlit vel upp fyrir hverja prentun og ráðlegt er að reyna festu litar á prentgrip áður en framleiðsluprentun hefst. Hafi hjálparefni verið bætt út í prentlit, má aldrei hella lit til baka í dósina.